

Þriðjudaginn 25. október 1955.

Nr. 199/1954. Sæmundur Þórðarson (Magnús Thorlacius)

gegn

Baldvin Einarssyni (Einar B. Guðmundsson)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bætur vegna bifreiðarslyss. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. desember 1954. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 95.710.00 með 6% ársvöxtum frá 9. apríl 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst aðaláfrýjandi þess og, að viðurkenndur verði lögveðréttur hans í bifreiðinni R 136 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. desember 1954. Krefst hann *aðallega* sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti, en *til vara*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi hljóp skyndilega út á Bankastræti utan gangbrautar á milli bifreiða, sem stóðu þar kyrrar. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdómara má fallast á, að aðaláfrýjandi eigi meginsök á slysi því, sem í málinu greinir.

Eins og atvikum var háttað, gafst gagnáfrýjanda mjög lítill tími til viðbragða, en þegar litið er til hemlafara þeirra, sem sáust eftir bifreið gagnáfrýjanda, þykir hins vegar ekki í ljós leitt, að gagnáfrýjandi hefði eigi getað afstýrt slysinu að einhverju leyti, ef hann hefði sýnt fulla aðgæzlu, sbr. 1. málsg. 34. gr. laga nr. 23/1941. Samkvæmt því verður gagnáfrýjanda dæmt að greiða aðaláfrýjanda hluta þess tjóns, sem hlaut af slysi þessu. Þykir einnig mega stað-

festu þá ákvörðun héraðsdómara, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda af þessum sökum $\frac{1}{5}$ hluta tjónsins.

Af hálfu aðaláfrýjanda er því lýst, að hann uni úrlausn héraðsdómara um fjárhæð kröfuliða 1—6, og verður henni því eigi haggað. Hins vegar krefst hann hækkunar á þjáningabótum í kr. 12.000.00.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram vottorð Hjalta Þórarinssonar lækni, dags. 18. þ. m., en hann skoðaði aðaláfrýjanda sama dag. Lýsti aðaláfrýjandi því fyrir læknum, að hann fái enn verk í vinstra ökla við gang og þreytist greinilega fyrr í vinstra fæti en þeim hægri við vinnu sína, sem er bifreiðarakstur. Samkvæmt rannsókn læknisins eru ýmsar hreyfingar í vinstra fæti aðaláfrýjanda enn aflminni og takmarkaðri en í þeim hægri, og í lok vottorðsins segir svo: „Það, sem finnst við rannsókn á vinstra fæti, getur því vel samræmt kvörtunum mannsins og einnig getur það háð honum við akstur venjulegrar bifreiðar“.

Þegar litið er til þessa svo og þess, er greinir í héraðsdómi um þenna þátt málsins, þykja þjáningabæturnar hæfilega ákveðnar kr. 10.000.00, og ber gagnáfrýjanda samkvæmt framansögðu að greiða $\frac{1}{5}$ hluta þeirra.

Úrslit málsins verða því þau, að gagnáfrýjanda verður dæmt að greiða aðaláfrýjanda samtals kr. 18.742.00 ásamt vöxtum, eins og krafizt er, svo og kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Á aðaláfrýjandi lögveð í bifreiðinni R 136 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Baldvin Einarsson, greiði aðaláfrýjanda, Sæmundi Þórðarsyni, kr. 18.742.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. apríl 1951 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Á aðaláfrýjandi lögveð í bifreiðinni R 136 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hrd.

Þegar slys það varð, sem í málinu greinir, var gagnáfrýjandi að aka upp Bankastræti í Reykjavík og var kominn um 40 metra upp strætið, er slysið bar að höndum. Bankastræti er allbratt, og færi var þurrt, en þrátt fyrir það rann bifreið gagnáfrýjanda 3—3½ metra vegalengd, eftir að hann beitti hemlum. Rakst hún á aðaláfrýjanda af allmiklu afli, svo að hann hlaut meiðsl þau, sem í héraðsdómi greinir. Tel ég þetta næga sönnun þess, að gagnáfrýjandi hafi ekið of hratt eftir aðstæðum og ef til vill ekki beitt hemlum sem skyldi. Var því um sök að ræða hjá gagnáfrýjanda, enda bar honum að gæta sérstakrar varúðar, þar sem bifreiðaröð var sunnanvert á götunni, sem er ein af fjölförnustu götum Reykjavíkur. Ég er hins vegar sammála meiri hluta dómenda um, að aðaláfrýjandi hafi sýnt stórfellda ógætni, er hann hljóp a. m. k. við fót á milli bifreiða út á akbrautina án þess að gæta að umferðinni, og eigi því meginsök á slysinu. Tel ég rétt að skipta sök þannig, að aðaláfrýjandi beri $\frac{2}{3}$ hluta tjónsins, en gagnáfrýjandi $\frac{1}{3}$.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um fjárhæð einstakra kröfuliða.

Niðurstaða mín verður því sú, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda $\frac{1}{3}$ af kr. 93.710.00, þ. e. kr. 31.236.67 auk vaxta, eins og greinir í dómi meiri hlutans.

Um málskostnað og um lögveð í bifreiðinni R 136 er ég sammála meiri hluta dómenda.

Dómsorð mitt verður því á þessa leið:

Gagnáfrýjandi, Baldvin Einarsson, greiði aðaláfrýjanda, Sæmundi Þórðarsyni, kr. 31.236.67 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. apríl 1951 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Aðaláfrýjandi á lögveð í bifreiðinni R 136 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. október 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., hefur Sæmundur Þórðarson bifreiðarstjóri, Shellvegi 2, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefni 12. marz 1953, gegn Baldvin Einarssyni forstjóra, Flókagötu 19, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta vegna

bifreiðarslyss, að fjárhæð kr. 185.600.00 með 6% ársvöxtum frá 9. apríl 1951 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkenndur verði lögveðréttur hans í bifreiðinni R 136 til tryggingar kröfum hans.

Stefnandi hefur stefnt Almennum tryggingum h/f, hér í bænum, til réttargæzlu í málinu, en bifreiðin R 136 var vátryggð hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefndu og þær hafa engar kröfur gert.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa. *Til vara* hefur stefndi krafizt lækkuunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að hinn 9. apríl 1951 varð stefnandi fyrir bifreiðinni R 136, hér í Bankastræti, og hlaut mikil meiðsl.

Stefnandi hefur skýrt svo frá málsatvikum, að hinn 9. apríl 1951 um kl. 11.55 hafi hann verið á leið niður syðri gangstétt Bankastrætis hér í bænum og hafa ætlað niður á Lækjartorg og taka sér þar far með strætisvagni. Er hann hafi verið kominn yfir Skólastræti, hafi hann séð, að umferðavitaljósinn stöðvuðu umferð úr Bankastræti, og hafi þá hugsað sem svo, að bezt væri að fara strax yfir götuna, því að umferðin mundi vera leyfð úr Bankastræti, er hann kæmi á gatnamótin. Hann hafi því farið út á götuna á milli bifreiða, sem stóðu kyrrar á syðra helmingi götunnar, og hlaupið við fót yfir götuna. Allt í einu hafi hann orðið var við R 136 vinstra megin við sig á leið upp götuna, og hafi bifreiðin þá verið rétt komin að honum. Hafi hann ekki getað forðað sér, rétt út vinstri höndina, en í því hafi bifreiðin rekizt á hann og fellt hann á götuna. Hlaut stefnandi þarna mikil meiðsl.

Stefndi hefur skýrt svo frá atvikum, að í umrætt sinn hafi hann ekið bifreið sinni, R 136, sem er fólksflutningabifreið af svonefndri Standard-gerð, norður Lækjargötu og beygt til hægri upp Bankastræti. Hafi hann ekið hægt upp brekkuna, eða með 15—18 km hraða miðað við klst., og verið við nyrðri götubrún. Hraðamælir bifreiðarinnar hafi verið óvirkur, en hreyfill hennar hafi verið í 2. ganghraðastigi. Allt í einu hafi hann séð mann koma á harða hlaupum milli bifreiða þeirra, sem stóðu kyrrar á syðra helmingi götunnar, og hafi hann stefnt á bifreiðina. Kveðst stefndi eigi hafa séð til ferða mannsins, fyrr en hann var kominn yfir miðja götuna. Hafi hann þegar hemlað, en áður bifreiðin stöðvaðist alveg, hafi maðurinn, sem síðar hafi reynzt vera stefnandi, rekizt á hægra framhorn hennar og skolið á götuna. Við áreksturinn hafi gler í hægra framljósakeri bifreiðarinnar brotnað.

Er slys þetta varð, stóð bifreiðin R 4737 á syðri helmingi Bankastrætis og beið ökumaður hennar þess, að umferð yrði leyfð úr Bankastræti. Hefur ökumaður bifreiðarinnar borið fyrir dómi, að

stefnandi hafi farið fyrir framan bifreið hans út á Bankastræti. Hafi stefnandi hlaupið við fót og með nokkrum hraða beint út á götuna, þó beygt heldur niður götuna. Ekki hafi stefnandi neitt virzt gæta að umferðinni. Í sömu svifum hafi R 136 verið ekið upp Bankastræti á nokkurri ferð, þó ekki með meiri hraða en löglegt sé. Stefnandi hafi ekkert dregið úr hraðanum, sem á honum var, né vikið til hliðar, og muni hann ekki hafa veitt R 136 athygli, fyrr en hún var rétt komin að honum, og fyrr muni ökumaður R 136 ekki hafa séð stefnanda. Ökumaður R 136 hafi þá hemlað, en áreksturinn þá orðið. Hafi stefnandi virzt berast einn til tvo metra með bifreiðinni, áður en hún stöðvaðist, en þá hafi hann kastast að henni og fallið á götuna um 1 til 2 metrum fyrir framan bifreiðina. Vitni þetta hefur talið, að ökumaður R 136 hafi heldur aukið hraðann, eftir að hann beygði upp Bankastræti, og að það telji, að góður og gætinn ökumaður hefði átt að geta stöðvað bifreiðina, áður en slysið varð.

Maður, er sat hægra megin í framsæti bifreiðar þeirrar, er stóð næst fyrir aftan R 4737, hefur skýrt svo frá, að hann hafi séð stefnanda hlaupa hiklaust út á götuna, unz hann varð fyrir R 136. Maður þessi telur, að R 136 hafi verið ekið vel á vinstra götuhelmingi og hefur gízkað á, að hraði hennar hafi verið um 15—20 km miðað við klst.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að stefndi eigi alla sök á slysi þessu. Ljóst sé, að stefndi hafi ekið óforsvaranlega hratt í umrætt sinn og að hann muni hafa aukið hraðann, er hann ók upp brekkuna, sem er allbrött þarna, en auðvelt eigi að vera að stöðva bifreiðar þarna vegna hallans. Þá muni stefndi ekki hafa verið með hugann við aksturinn og umferðina, eins og honum þó bar, því að annars hlyti hann að hafa séð stefnanda það fljótt, að árekstri hefði orðið forðað. Loks hefur stefnandi talið, að bifreið stefnda hafi ekki verið í fullkomnu lagi, bæði hafi hraðamælir hennar verið bilaður og hemlar ekki jafnir.

Stefndi byggir hins vegar sýknukröfu sína á því, að honum verði á engan hátt gefin sök á slysi þessu. Hann hafi ekið mjög hægt og gætilega. Bifreið hans hafi verið alveg í lagi.

Stefnandi sjálfur eigi hins vegar alla sök á hvernig fór. Hann hafi hlaupið út á götuna á milli bifreiðanna og ekkert hirt um umferðina. Hafi hann hlaupið á R 136 þannig, að slysinu hafi ekki orðið forðað. Komi því ekki til, að hann geti krafist stefnda um bætur vegna slyss þessa.

Löggæzlumenn komu á vettvang þegar eftir slysið. Var gerður uppdráttur af staðháttum. Lögreglumaður einn, er þarna kom að og athugaði bifreiðina, telur, að óhreinindi hafi verið strokin af hægra horni framvara hennar og að þar muni bifreiðin hafa lent á vinstra fæti mannsins. Samkvæmt uppdrætti, sem gerður var, virð-

ast hemlaför eftir framhjól hafa verið 3 til 3.5 m á lengd, far eftir vinstra afturhjól rúmir tveir metrar, en ekkert far sést eftir hægra afturhjól.

Bifreiðin var skoðuð og reynd af bifreiðaeftirlitsmanni strax eftir slysið. Reyndist útbúnaður hennar í lagi, að öðru leyti en því, að hraðamælir var óvirkur. Er bifreiðinni var ekið á sléttum malarvegi með um 20 til 25 km hraða miðað við klst., var hægt að stöðva hana á fjögurra metra vegarlengd, ef fullu átaki var beitt á fót-hemla. Hemlar stöðvuðu eigi hægra afturhjól svo vel sem hin hjólin. Þó var galli þessi eigi það mikill, að bifreiðin snérist til, þótt full-hemlað væri. Í bifreiðinni var stýri hægra megin.

Af hálfu ákærvaldsins var mál höfðað gegn stefnda vegna slyss þessa. Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 26. október 1951, var stefndi sýknaður af refsikröfu ákærvaldsins.

Af atvikum öllum er ljóst, að stefnandi hefur sýnt verulega ógætni með því að hlaupa út á götuna á milli bifreiða þeirra, sem stóðu á syðra vegarhelmingi. Þá virðist hann ekkert hafa gætt að umferðinni, er hann kom út á götuna fram hjá bifreiðunum og hafði óhindraða útsýn. Þegar þetta allt er virt, verður að telja, að hann eigi meginsök á hvernig fór.

Af atvikum er ljóst, að stefndi hefði mátt sjá til ferða stefnanda, strax og hann kom út á milli bifreiðanna, sem stóðu á syðra götu-helmingi, og bar honum þá að hemla þegar í stað. Þegar litið er til þess, hve stefndi og sjónarvottar telja hraða bifreiðarinnar lítinn og að hún var á leið upp brekku og hins vegar lengda hemlafar-anna, þá virðist mega ætla, að stefndi hafi eigi beitt hemlunum sem skyldi. Þegar þetta er virt, verður ekki talið, að stefndi hafi sannað, að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, ef hann hefði sýnt fulla aðgæzlu og varkárni og bifreiðin verið í fullkomnu lagi. Með vísan til þess verður að telja, að stefndi beri nokkra ábyrgð á því, hvernig fór.

Eftir atvikum þykir rétt að telja stefnda eiga $\frac{1}{2}$ hluta sakar, og ber honum að bæta tjón það, sem stefnandi beið af slysi þessu, að þeim hluta.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Lækniskostnaður	kr.	150.00
2. Lækniskostnaður	—	3.000.00
3. Röntgenskoðun	—	75.00
4. Skór og ilstoðir	—	475.00
5. Örorkumat	—	200.00
6. Örorkubætur	—	167.700.00
7. Þjáningabætur	—	12.000.00
		<hr/>
	kr.	183.600.00

Um 1: Þessi kröfuliður hefur engum andmælum sætt, og verður hann því tekinn til greina að öllu leyti.

Um 2. Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið. Í málinu er framkomið, að hér er um að ræða greiðslu til Gríms Magnússonar læknis, sem mun vera sérfræðingur í tauga- og geðsjúkdómum, en stefnandi leitaði til hans eftir slysið. Lögð hefur verið fram kvittun fyrir greiðslu þessari, og þar sem ekki verður annað séð en umrædd læknishjálp hafi verið í sambandi við slys þetta, verður að taka þenna kröfulið til greina.

Um 3. Þessi kröfuliður hefur engum andmælum sætt, og verður hann því tekinn til greina.

Um 4. Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið á þeim grundvelli, að skór þessir og ilskór séu slysinu óviðkomandi. Í málinu sé fram komið, að stefnandi hafi haft ilsig fyrir slysið, og þörf hans til hluta þessara sé því ekki afleiðing slyssins.

Af gögnum málsins er ljóst, að ilsig stefnanda versnaði mjög, meðan meiðsl hans voru ekki fullgróin. Af reikningum þeim, sem eru fyrir þenna kröfulið, sést, að stefnandi hefur í janúarmánuði 1952 fengið sérstaka skó smíðaða, og er tekið fram, að það sé vegna slyss. Þá fékk stefnandi ilstoðir í júnímánuði s.l., en ekki er þar tekið fram, að stefnanda sé þeirra þörf vegna slyssins. Með hliðsjón af þessu þykir rétt að taka hér til greina kostnað af fyrrgreindum skóm, kr. 285.00, en að öðru leyti þykir ekki unnt að taka þenna lið til greina.

Um 5. Þessi liður hefur engum andmælum sætt, og verður hann því tekinn til greina að öllu leyti.

Um 6. Við slysið hlaut stefnandi fótbrot á vinstra fæti, mar á vinstri mjöðm og einnig hruflaðist hann á vinstri hendi. Þá hlaut hann slæmt taugaáfall. Hann var strax fluttur á sjúkrahús eftir slysið, og var þar gert að meiðslum hans. Fótbrotið hafðist ekki vel við, og stefnandi fékk lungnabólgu, meðan hann lá á sjúkrahúsinu. Þann 20. maí 1951 var framkvæmd skurðaðgerð á fæti stefnanda og brotið sprengt. Af sjúkrahúsinu fór stefnandi þann 27. október 1951. Meðan stefnandi var á sjúkrahúsinu og þar á eftir, var hann til lækninga hjá taugalækni vegna taugaáfalls þess, er hann hlaut. Þann 3. júlí 1952 var stefnandi rannsakaður af Bjarna Jónssyni lækni, og segir svo í vottorði hans, sem dags. er 13. s. m.: „Við skoðun þ. 3. 7. '52 sést 17 cm langt vel gróið ör framan á vinstra legg, dálitill þjúgur á legg og ökla, engin eymsli. Engin stytting á fætinum. Hreyfingar í hné og mjöðm eðlilegar. Hreyfingar í ökla: hjarahreyfingar $115^{\circ}/80^{\circ}$, réttthreyfing (supinatio) $\frac{1}{3}$, ranghverfing (pronatio) $\frac{2}{3}$.

Sjl. gengur stinghaltur og notar tvo stafi. Hann getur gengið staflaus, en er þá haltari. Hann hefur mjög mikið ilsig, og treðst fóturinn niður að innanverðu við gang (valgusstilling).

Röntgenskoðun þ. 4. 7. '52 sýnir gamalt brot á fæti, sköflungur hefur brotnað 14 cm ofan öklaliðs, en dálkur 3 cm neðan. Brotið er vel gróið á báðum beinum, og er stilling ágæt. Málmspöng liggur yfir brotið á sköflung, og er hún fest með fjórum skrúfum. Dálítil úrkölkun er í beinum neðan brotsins og kringum öklalið.“

Þann 3. október 1952 var stefnandi skoðaður af Þórarni Sveinsyni lækni, er mat örorku hans. Segir svo í vottorði læknis þessa, sem dags. er 15. s. m.:

„Stór og vörpulegur maður í góðum holdum. Greinilegt er, að hann er mjög óstyrkur á taugum, kemur það fram við samræður og einnig í hreyfingum. Púls er mjög hraður í fyrstu, en lagast, er líður á skoðunina. Við höfuð og bol er ekki hægt að greina nokkur missmíði. Púlsinn taldist að jafnaði 110 á mínútu, á meðan á skoðuninni stóð. Hjartahljóð voru hrein, og blóðþrýstingurinn mældist 145/75.

V. *ganglimur*: Ekki er mælanleg stytting á fætinum. Greinilegur og mikill bati hefur orðið, frá því er Bjarni læknir Jónsson skoðaði slasaða þ. 3/7 '52, því að nú má kalla eðlilega hreyfingu í öklaliðnum. Aðeins vottar þó fyrir, nú við skoðun, að stase sé neðst á fótleggnum og um öklaliðinn. Við þuklun á brotstaðnum, sem er samkvæmt röntgenmyndun 12—14 cm ofan öklaliðsins, finnst fyrir stallmyndun utan til á sperrileggnum og eins lateralt á sköflungnum. Röntgenmynd frá 4/7 '52 sýnir góða kalkmyndun á brotstaðnum, og sést málmþynna með 4 skrúfum halda sköflungnum saman. Dálítið beinstykki liggur á brotstaðnum og hefur dregizt lítið eitt út til hliðar. Það hefur valdið því, að beinsambreyskjan (callus) hefur orðið verulega fyrirferðarmeiri á staðnum, og er sennilegt, að það eigi sinn þátt í stase þeim, sem er á leggnum neðan brotstaðarins. Sperrileggurinn hefur gróið saman nærri því á misvíxl, og er efra brotið utar en það neðra. Beinsambreyskja (callus) sést á brotstaðnum.

Dálítið er dregið úr kálfavöðvunum uppi á fætinum, borið saman við hægri fót. Hreyfing er eðlileg í hnéliðnum. Reflexar eru eðlilegir.

Við athugun á fótum sést, að slasaði hefur gífurlega mikil ilsig á báðum fótum og mikinn snúning út á við um öklaliðamótin. Einkum ber á þessu á vinstra fætinum. Vísast til vottorðs Bjarna Jónssonar læknis varðandi þenna sjúkleika, þar sem hann getur þess, að slasaði hafi „alla tíð verið þungt um gang og þolað illa stöður, sem nokkru nemi“. Læknirinn telur í vottorðinu, að ilsigið og ranghverfing fótarsins hafi aukizt við slysið. Hefur hann skýrt það atriði í viðtali við undirritaðan. Hann telur, að starfsleysi vöðvanna hafi skapað rýrnun á þeim og þessi rangsmíði á fætinum þannig aukizt, þegar slasaði fór á ný að ganga á fótinn.

Framan á vinstra fótleggnum á brotstaðnum er ör, 17 cm langt.

Slasaði gengur nú við staf og hlífir fætinum mjög, þegar hann gengur.

Ályktun: Um er að ræða slæmt fótbrot, sem orðið hefur að spengja saman. Jafnframt þessu hefur slasaði verið haldinn slæmri taugatrúflun. Útlit er þó fyrir, að bati sé að verða á henni að verulegu marki.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

Fyrir 7 mán. fyrst eftir slysið	100%	Örorka
— 1 — þar á eftir	85%	—
— 2 — — - —	75%	—
— 2 — — - —	60%	—
— 2 — — - —	50%	—
— 2 — — - —	40%	—
— 2 — — - —	35%	—

Úr því 25% örorka um 6 mánaða skeið með tilliti til þess, að vöðvar vinstri fótar þurfa all-langan tíma til að æfast upp að nýju. Því næst 20% í aðra 6 mánuði. Úr því 15% varanleg örorka. Er þá tekið tillit til brotsins sjálfs svo og taugaslensins. Hins vegar er gert ráð fyrir, að þá hafi vinstri fóturinn náð svipuðu útliti á ilinni og fyrir slysið“.

Kröfu sína samkvæmt þessum lið fær stefnandi þannig fram, að hann hefur lagt til grundvallar kaup bifreiðarstjóra hjá Bifreiðarstjórafélaginu Hreyfli, kr. 125.46 á dag, og talið 360 vinnudaga á ári. Sérfróður maður um tryggingamál hefur síðan reiknað út tjón stefnanda, miðað við þetta kaup og örorkumat Þórarins Sveinsonar, og fær þá út, að tjónið nemi kr. 167.700.00, miðað við 9. apríl 1953.

Stefndi hefur algerlega mótmælt þessum lið. Hefur hann krafizt þess, að miðað verði við þær tekjur, sem stefnandi hafi sjálfur talið sig hafa.

Stefnandi er bifreiðarstjóri að atvinnu. Samkvæmt skattaframtölum stefnanda námu atvinnutekjur hans árið 1948 kr. 27.015.00, en skattayfirvöldin áætluðu, að tekjur hans hefðu verið kr. 5000.00 hærri. Stefnandi taldi, að atvinnutekjur hans árið 1949 hefðu numið kr. 11.585.00, en skattayfirvöldin áætluðu, að tekjur hans hefðu verið kr. 15.000.00 hærri. Stefnandi taldi, að brúttótekjur hans af bifreiðarakstri árið 1950 hefðu numið kr. 41.285.00, en að kostnaður af bifreið hefði numið kr. 14.571.00. Skattayfirvöldin áætluðu tekjur hans kr. 5000.00 hærri. Stefnandi taldi, að atvinnutekjur hans af bifreiðarakstri árið 1951 hefðu numið kr. 10.000.00, en kostnaður hans af bifreið alls kr. 10.070.00. Skattayfirvöldin áætluðu, að tekjurnar hefðu verið kr. 5000.00 hærri. Á árinu 1952 taldi stefnandi, að tekjur hans af bifreiðarakstri hefðu numið kr. 48.000.00, en kostnaður af bifreiðinni kr. 41.670.00, en þar með eru talin laun ökumanns nokkurn tíma, kr. 20.000.00.

Stefnandi var 29 ára að aldri, er slysið varð, ókvæntur og ómaga-
laus. Hann virðist hafa verið heilsuhraustur að öðru leyti en því,
sem áður hefur verið getið um ilsig það, er hann þjáðist af.

Þegar þetta allt er virt, sem að framan hefur verið rakið, svo og
annað það, sem hér skiptir máli, þá þykir hæfilegt að áætla tjón
stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 80.000.00.

Um 7. Hér að framan hefur verið lýst meiðslum þeim, sem stefn-
andi hlaut, og afleiðingum þeirra. Með vísan til þessa og annars
þess, sem hér skiptir máli, þykir hæfilegt að taka þenna lið til greina
með kr. 7500.00.

Samkvæmt þessu telst heildartjón stefnanda af slysi þessu alls kr.
91.210.00 (150.00 + 3000.00 + 75.00 + 285.00 + 200.00 + 80.000.00 +
7500.00).

Eins og að framan hefur verið getið, á stefndi sök á slysi þessu
að $\frac{1}{2}$ hluta og er fébótaskyldur að því leyti. Ber stefnda því að
greiða stefnanda kr. 18.242.00 í skaðabætur með vöxtum svo sem
krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber stefnda að greiða stefnanda máls-
kostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá
1941 ber að taka til greina kröfu stefnanda um lögveð í bifreiðinni
R 136 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Baldvin Einarsson, greiði stefnanda, Sæmundi Þórð-
arsyni, kr. 18.242.00 með 6% ársvöxtum frá 9. apríl 1951 til
greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað, og á stefnandi lög-
veð í bifreiðinni R 136 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu
hans að viðlagðri aðför að lögum.